



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1926*  
*komudagur 11.3.2013*



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2013

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heimild til samninga um kísilver í landi Bakka í Norðurþingi, 632. mál, og frumvarp til laga um heimild til handa ráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að fjármagna uppbyggingu innviða vegna atvinnustarfsemi í landi Bakka í Norðurþingi, 633. mál.**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins styðja eindregið að frumvörp þessi verði að lögum.

Undanfarin ár hefur fjárfesting í hagkerfinu verið allt of lítil. Fyrir helgina birti Hagstofa Íslands tölur um landsframleiðslu ársins 2012 þar sem fram kom að fjárfesting dróst saman frá árinu áður um 4,7% að frádræginni fjárfestingu í skipum og flugvélum. Þar munar mest um minni fjárfestingu í orkufrekum iðnaði og orkuverum. Hlutfall fjárfestinga af landsframleiðslu er mjög lágt hvort sem er í sögulegu samhengi eða í samanburði við iðnríkin. Fjárfestingar vaxa hægar hér á landi en gerst hefur í öðrum ríkjum sem gengið hafa í gengum svipaða kreppu. Nauðsynlegt er að fjárfestingar aukist á næstu árum og verði um 21 - 24% af landsframleiðslu á næstu fimm árum. Þær þurfa að aukast í heild um 100 - 150 milljarða króna á ári til að ná þessu marki. Sérstaklega mikilvæg er fjárfesting sem eykur útflutningsframleiðsluna.

Í minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem fylgir frumvörpunum (fylgiskjal IX, dagsett 17. janúar 2013) kemur fram að þótt ráðist verði í byggingu kísilversins verði fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu á bilinu 17 – 18% árin 2014 -17. Vantar þá enn mikið upp á að náð verði æskilegu marki.

Eftir að ákveðið var að ekki yrði byggt álver við Húsavík heldur stefnt að því að orka á svæðinu yrði nýtt af fleiri en einu eða tveimur meðalstórum fyrirtækjum var ljóst að standa yrði að uppbyggingu innviða á annan hátt en áður var ráðgert og styðja samtökin því áætlanir um stækkun hafnarinnar á Húsavík og vegagerð að iðnaðarsvæðinu eins og þau koma fram í frumvarpinu.

Að auki er ætlunin að veita þjálfunarstyrk og ýmsa afslætti af opinberum gjöldum sem allt er innan þess ramma sem heimilaður er samkvæmt ríkisstyrkjareglum á EES – svæðinu. Í stað þess að veita beinan fjárstuðning er síðan lagt til að veitt verði tímabundin undanþága frá greiðslu almenna tryggingagjaldsins. Almenna tryggingagjaldinu er ætlað að fjármagna m.a. slysatryggingar og fæðingarorlofssjóð auk þess að renna til almenns rekstrar ríkisins. Ekki eru bein tengsl milli réttinda einstakra starfsmanna og greiðslu almenna tryggingagjaldsins og réttindin eru óháð því hve mikið eða lítið fyrirtækin greiða.

Þrátt fyrir að mörg fyrirtæki hafi á undanförunum árum sýnt áhuga á uppbyggingu iðnaðarstarfsemi hér á landi hefur minna orðið úr framkvæmdum en ætla mátti. Það er því sérstakt fagnaðarefni ef Alþingi stuðlar nú að því að af umræddum framkvæmdum geti orðið.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Samtökin telja æskilegt að frumvörpin verði afgreidd fyrir þinglok nú í vor til að ekki verði frekari tafir á því að ráðist verði í mikilvæga og nauðsynlega uppbyggingu í tengslum við sjálfbæra nýtingu orkulinda í Þingeyjarsýslu.

F.h. Samtaka atvinnulífsins

F.h. Samtaka iðnaðarins